

Mannvit hf
Axel Valur Birgisson
Grensásvegi 1
108 Reykjavík

Reykjavík, 17. september 2012

Tilvísun: 201207016 / 5.2

Efni: Kísilmálmverksmiðja Thorsil á Bakka við Húsavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun. - ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Mannvits hf. f.h. Thorsil ehf. að matsáætlun um Kísilmálmverksmiðju Thorsil á Bakka við Húsavík. Ársframleiðsla 100.000 tonn, Norðurþingi.

Mannvit hf. sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 19. júlí 2012 ásamt tillögu að matsáætlun:

Thorsil ehf. Kísilmálmverksmiðja á Bakka við Húsavík. Ársframleiðsla 100.000 tonn. Mannvit, júlí 2012.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Norðurþingi, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknarstofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, Mannvirkjastofnun, Umhverfisstofnun, Veðurstofu Íslands og Vinnueftirliti ríkisins. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Norðurþingi með tölvupósti dags. 20. ágúst 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 1. ágúst 2012, Hafrannsóknarstofnuninni með bréfi dags. 13. ágúst 2012, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 23. ágúst 2012, Mannvirkjastofnun með bréfi dags. 25. júlí 2012, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 15. ágúst 2012, Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 14. ágúst 2012 og Vinnueftirliti ríkisins með bréfi dags. 27. júlí 2012. Ein athugasemd barst frá Bjarna Bjarnasyni o.fl. dags. 31. júlí 2012. Skipulagsstofnun bærust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvupóstum dags. 10., 24. og 30. ágúst 2012.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Mannvits hf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem framkvæmdaraðili setti fram í svörum við umsögnum og athugasemd og með eftirfarandi athugasemdum.

Áform annarra kísilframleiðslu á Bakka. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að þrjú fyrirtæki sem losa að einhverju leyti sömu mengunarefni eru að hefja matsvinnu vegna kísilvinnslu á Bakka við Húsavík. Fyrirtækin eru PCC sem fyrirhugar að reisa

kísilmálmverksmiðju sem framleiðir allt að 66.000 tonn af kísilmálmi á ári, Thorsil sem áformar framleiðslu á allt að 100.000 tonnum af kísilmálmi á ári og Saint Gobain sem áformar framleiðslu á allt að 25.000 tonnum af kísilkarbíði á ári.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra um að Thorsil verði að leggja fram loftdreifingaspá vegna fyrirhugaðrar starfsemi sinnar sem sýni losun og dreifingu ryks, brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnissambanda og kolmónoxíðs.

Í umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að matsáætlun er talið brýnt að fjalla ítarlega um möguleg samlegðaráhrif Thorsil með fyrirhugaðri verksmiðju PCC í næsta nágrenni. Með hliðsjón af ofangreindum umsögnum, viðbrögðum Thorsil og því að fyrir liggja upplýsingar um áform þriggja fyrirtækja sem komin eru mislangt í matsferli telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að skoða þurfi samlegðaráhrif fyrirtækjanna á loftgæði. Skipulagsstofnun telur að best væri að meta strax í upphafi hvort þörf sé á loftdreifingarspá fyrir ryk, brennisteinstvíldi, NO_x, kolmónoxíð og PAH. Leyfilegur styrkur þessara efna er tiltekin í reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings annars vegar og reglugerð nr. 410/2008 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og fjölhringa arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti hins vegar. Fyrsta skrefið væri að skoða hvort líkur séu til þess að styrkur ofangreindra efna kunni að mælast ofan mengunarmarka. Eðlilegast væri því að leggja fram gögn með fyrstu frummatsskýrslu sem segja fyrir um hvort þurfi að ráðast í sértækar aðgerðir vegna styrks einstakra mengunarefna (t.d. með hönnun mannvirkja eða sértækum búnaði til hreinsunar eða þynningar mengunarefnanna).

Reynist ekki framkvæmanlegt að leggja fram gögn fyrir allar verksmiðjurnar strax í fyrstu frummatsskýrslunni sem verður lögð fram, þarf að gera grein fyrir því með rökum hvers vegna ekki sé spáð fyrir um dreifingu þeirra. Hver frummatsskýrsla þarf þá að gera grein fyrir áhrifum af sinni starfsemi og þeirri starfsemi sem þegar hefur verið kynnt í framlögðum frummatsskýrslum á sama svæði (hér er eingöngu átt við fyrrgreindar þrjár verksmiðjur). Gallinn við þessa framsetningu er sá að ekki liggur fyrir hver endanleg loftgæði verða fyrr en síðasta frummatsskýrsla hefur verið lögð fram. Í kjölfar hennar gæti því þurft að ákvarða þynningarsvæði að nýju sem og endurskoða fyrstu drög að starfsleyfum allra verksmiðjanna bæði vegna aukinna krafna til starfseminnar sem og mengunarvarna.

Úrgangur og mengunarefni. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir öllum úrgangi og losun mengunarefna frá starfseminni. Brýnt er að aðskilja umfjöllun um fastan, fljótandi og loftborinn úrgang í frummatsskýrslu. Gera þarf grein fyrir förgun alls úrgangs eftir uppruna og flokkum. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði birt tafla yfir helstu mengunarefni þar sem komi fram uppruni mengunarefnanna, magn mengunarefna á hvert framleitt tonn afurða sem og heildarmagn mengunarefna sem losuð eru á hverju ári.

Þungmálmur og þrávirk lífræn efni. Skipulagsstofnun telur í ljósi umsagnar Umhverfisstofnunar brýnt að í frummatsskýrslu komi fram hvort einhverjir þungmálmur eða lífræn sambönd á borð við díoxín berist út í umhverfið. Gera þarf grein fyrir losun efnanna t.d. á ári, styrk þeirra og mögulegum áhrifum.

Brennanleg efni og slökkvilið. Í ljósi umsagnar Mannvirkjastofnunar telur Skipulagsstofnun brýnt að í frummatsskýrslu verði lagt mat á hvort slökkviliðið á svæðinu hafi yfir að ráða nægjanlegum mannafla og búnaði til að geta brugðist við bruna eða mengunarslysum ef þau eiga sér stað í verksmiðju Thorsil. Reynist slökkviliðið ekki nægjanlega öflugt þarf að gera grein fyrir því hvernig fyrirtækið hyggst bregðast við því.

Áhrif á votlendi. Í kafla 3.2.1 á bls. 10 er fjallað um gróðurfar. Skipulagsstofnun telur nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir allri skerðingu votlendis sem mögulega kann að verða vegna byggingar kísilmálmverksmiðjunnar. Fram þarf að koma hvar komi til greina að endurheimta votlendi í stað þess sem fari forgörðum. Skipulagsstofnun minnir á að þann 13. maí 2002 úrskurðaði umhverfisstofnun um mat á umhverfisáhrifum vegna jarðganga og vegagerðar á norðanverðum Tröllaskaga. Í úrskurðinum var sett skilyrði þess efnis að endurheimta skyldi votlendi að minnsta kosti til jafns að flatarmáli og það votlendi sem raskast eða verður fyrir áhrifum við fyrirhugaða framkvæmd. Skipulagsstofnun vekur athygli á því að úrskurður ráðuneytisins var stefnumótandi fyrir allar stærri framkvæmdir í kjölfarið.

Fornleifar. Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins og minnir á að auk þess að fjalla um fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum mats á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar og mótvægisáðgerðum sem áætlað er að grípa til vegna fornleifa sem kunna að vera í hættu vegna framkvæmdarinnar. Staðsetningu fornleifa og afstöðu þeirra til fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis þarf að sýna á korti eða loftmynd.

Stórslysavarnarreglur. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar í umsögn Vinnueftirlits ríkisins og telur brýnt að í frummatsskýrslu komi fram hvort einhver efni sem gætu gert að verkum að verksmiðjan falli undir reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum, séu þau í nægjanlegu magni. Efnin sem til greina koma eru fyrst og fremst: Própangas, lægri mörk eru 50 tonn; súrefni, lægri mörk eru 200 tonn; kolefnisfóðringarefni, lægri mörk eru á bilinu 5 – 50 tonn eftir gerð efna. Í tillögu að matsáætlun kemur ekki fram magn efna sem geymt verður á svæði verksmiðjunnar. Er því ekki hægt á þessu stigi að segja til um hvort verksmiðjan falli undir reglugerðina. Fyrirtækinu ber því að skoða þau mál m.t.t. ofangreindrar reglugerðar og gera grein fyrir magni efnanna í frummatsskýrslu líkt og fram kemur í svörum Thorsil við umsögn Vinnueftirlitsins.

Hljóðstig. Skipulagsstofnun telur brýnt með hliðsjón af umsögn Umhverfisstofnunar og athugasemd Bjarna Bjarnasonar o.fl. að gerð verði grein fyrir því hvernig hljóðstig frá starfsemi Thorsil verði innan marka reglugerðar um hávaða og hvert verði hljóðstig við næstu íbúðarhús og/eða frístundahús í nágrenni við verksmiðjuna.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.